

# Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar 2016

Haldinn að Jaðri 1. desember kl. 20:00

Sigmundur Ófeigsson setti fundinn og bauð félagamenn velkomna.

## Dagskrá aðalfundar Golfklúbbs Akureyrar 2016:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis
3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9 grein
4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn
5. Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8 grein
6. Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara
7. Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein
8. Önnur mál

Viðar Sigurjónsson kom fram fyrir hönd ÍSÍ. Klúbburinn fékk endurnýjun á viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag.

Kosning fundarstjóra og ritara. (Formaður opnar fundinn og tilnefnir fundarstjóra og ritara). Fundarstjóri Tryggvi Þór Gunnarsson, fundarritari Ingi Torfi Sverrisson

Skýrsla formanns og er vitnað til hennar sérprentaðrar. Skýrsluna má finna á heimasíðu GA sem sett var á vefinn að morgni 1. des.

Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.

Rekstrartekjur ársins eru tæpar 144 milljónir kr. sem er hækkun á milli ára um tæpar 26 mkr.

Tekjur vegna árgjalda hækkuðu um tæpa 1 mkr.

Framlög og styrkir hækka um rúmar 8,3 mkr.

Tekjur af mótum hækka um 1,4 mkr.

Aðrar tekjur hækka á milli ára um 5.5 mkr.

Tekjur Lundsvallar dragast saman um 1 milljón króna á milli ára

Rekstrargjöld ársins eru tæpar 136 milljónir kr. Er það hækkun á milli ára um ca 23,5 mkr.

Hagnaður er því um 7.5 mkr. án fjármagnsliða. Þegar tekið er tillit til fjármunatekna og (fjármagnsgjalda) upp á 7,3 þá er hagnaður félagsins því um 198 þúsund krónur.

Eignir eru samtals metnar á tæpar 91 mkr.

Eigið fé er um 15 milljónir og langtíma/skammtíma skuldir eru tæpar 98 mkr.

Veltufjármunir eru rúmlega 22 mkr.

Samtals skuldir og eigið fé er tæplega 113 mkr. með hækkun um 36 milljónir á milli ára, það kostar sitt að koma upp svona flottri og góðri æfingar aðstöðu eins og raun ber vitni ásamt þessum glæsilegu breytingum hér inni og við golfskálann okkar.

Þess má geta að í samningnum sem gerður var fyrir rúmum tveimur árum við Akureyrarbæ um lokaframkvæmdir að hluti GA samkvæmt þeim samning var 20 milljónir krónar.

Einnig var ráðist í talsvert fleiri framkvæmdir en áætlaðar voru, eins og t.d. við golfskála. Einnig var horfið frá því að byggja 15 bása stálgrindarhús með kjallara og þess í stað byggt þetta glæsilega æfingahúsnæði sem Klappir eru með 30 básum og þar af tveimur kennslubásum þar sem fullkomin kennsluaðstaða mun opna næsta sumar.

Ef við skoðum skuldirnar aðeins betur þá eru rekstrartengdarskuldir, þ.e. skuldir sem eru eingöngu tilkomnar vegna þess að þær færast yfir áramót golfklúbbsins. Langtímaskuldir og yfirdráttarlán standa í 88 milljónum.

Við fáum svo frá Akureyrarbæ á nýju ári síðustu greiðslu framkvæmdasamningsins sem hljóðar upp á 15 milljónir krónar. Það má því segja það að skuldir klúbbsins standi í ca 73 milljónum króna.

Samkeppnisreksturinn er að skila okkur hagnaði upp á 530 þúsund.

EBITDA er ca 15 milljónir á móti 12 mkr. í fyrra

Yfirdrátturinn stendur í 42 milljónum vegna framkvæmda, í skoðun er að fá lán út á fasteignir og minnka þannig vaxtakostnað á næstu árum. Framkvæmdastjóri mun fara í rekstraráætlun klúbbsins til næsta fimm ára.

Stefán Sigurðsson spyr um breytingu á viðskiptakröfum í sjóðstreymi. Flutningur á framkvæmdafé milli ára er ástæða þessarar breytinga.

## Lundsvöllur.

Mikil lækkun á tekjum á milli ára. Gæði vallar hrakað og nauðsynlegt að setja upp vökvunarkerfi til þess að völlurinn verði samkeppnishæfur. Klúbburinn er að borga með rekstri lundsvallar eins og staðan er í dag.

4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar. Hver grein er borin undir fundin fyrir sig.

Engin umræða var um skýrslu formanns. Spurt var um skuldastöðu klúbbsins og hvort ætti eftir að framkvæma meira. Framkvæmdastjóri svaraði þeim spurningum og benti á að nú væri miklu framkvæmdatímabili lokið og öll áhersla í rekstri klúbbsins yrði lögð að á efla innviði GA og halda svæðinu á Jaðri sem og golfvelli snyrtilegum og fallegum.

6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn - Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.

### Stjórn og nefndir starfsárið 2016-2017 – Tillaga uppstillinganefndar:

#### Aðalstjórn

Formaður:	Sigmundur Ófeigsson	eitt ár
Varaformaður:	Jón Steindór Árnason	fyrri ár
Ritari:	Ingi Torfi Sverrisson	seinna ár
Gjaldkeri:	Guðlaug M. Óskarsdóttir	fyrri ár
Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	fyrri ár

#### Varamenn í stjórn

1. varamaður	Sigurður Skúli Eyjólfsson	eitt ár
2. varamaður	Eygló Birgisdóttir	eitt ár

#### Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður:	Örn Viðar Arnarson
	Jón S. Hansen
	Heimir Jóhannsson
	Sverrir Þorvaldsson
	Bjarni Þórhallsson
	Þórunn Haraldsdóttir
	Ágúst Jensson
	Steindór Kr. Ragnarsson

#### Afreks og unglínganefnd

Formaður:	Skúli Eyjólfsson
	Anton Ingi Þorsteinsson
	Harpa Hafbergdóttir
	Golfkennari GA
	Ágúst Ingi Axelsson
	Valur Guðmundsson

#### Kappleikjanefnd (GSÍ)

Formaður:	Jón Heiðar Sigurðsson
	Karl Haraldur Bjarnason
	Framkvæmdastjóri GA

#### Arctic Open nefnd

Formaður:	John Júlíus Carigliá
	Viðar Valdimarsson
	Halla Sif Svavarsdóttir
	Jón Egill Gíslason

Eygló Birgisdóttir  
Geir Kristinn Aðalsteinsson  
Heimir Örn Árnason  
Framkvæmdastjóri GA

### **Forgjafar og aganefnd (GSÍ)**

Formaður: Björn Axelsson  
Stefán Jónsson  
Eiður Stefánsson

### **Húsnefnd**

Þorsteinn Konráðsson  
Baldur Ingi Karlsson  
Jón Vídalín

### **Nýliðanefnd**

Stefanía Kristín Valgeirsdóttir  
Snæbjörn Snæbjörnsson  
Golfkennari GA

### **Öldunganefnd**

Jón Gunnar Traustason  
Þórunn Anna Haraldsdóttir  
Kjartan Fossberg Sigurðsson  
Guðlaug María Óskarsdóttir

### **Skoðunarmenn ársreikninga**

Sveinn Pálsson  
John Júlíus Cariglia

Engin mótframboð bárust og voru tillögur uppstillinganefndar til stjórnar og nefndar allar samþykktar með lófaklappi.

### **7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs. (Fundarstjóri)**

FÉLAGAHÓPUR	UPPHÆÐ
Fullorðnir einstaklingar	89.000 kr.
Nýliðar**	
67 ára og eldri	75.000 kr.
19-26 ára	49.500kr,
15 – 18 ára	38.500 kr.
11 - 14 ára	28.500 kr.
10 ára og yngri	23.000 kr.

Ari: hvers vegna hækka öldungagjald svo mikið? Svar: fjölgun á eldri iðkendum lækkar tekjur klúbbsins og því nauðsynlegt að bregðast við hækkandi meðaldri meðlima í GA.

Fundurinn samþykkir gjaldskrá fyrir árið 2017

Kosning skoðunarmanna ársreiknings. Tillaga uppstillinganefndar samþykkt með lófaklappi.

### **Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir rekstraráætlun næsta árs sem og rekstraráætlun til næstu 5 ára.

Hugmyndin er að taka 55 mkr. lán til 10 ára til að greiða upp skammtímaskuldir sem eru tilkomnar vegna framkvæmda.

Gert er ráð fyrir því að árgjöld hækki um 4 m.kr. á næsta ári. Spurning hvaða áhrif nýji æfingavöllurinn muni hafa mikla möguleika á aukinni tekueöflun. Ekki gert ráð fyrir miklum tekjum af honum á næsta ári.

Framlög og styrkir munu fara niður þar sem ekki er Íslandsmót í ár. Húsaleigusamningur hækkar og greiðir Vídalín 8.5% af veltu í leigu.

Gert ráð fyrir 5 mkr tekjum af klöppum næsta ár.

Rekstrargjöld, þar er gert ráð fyrir hækkun á launum um 7 mkr. Þar sem í framkvæmdum hefur vinna verið eignfærð. Í lok næsta árs gert ráð fyrir að skuldir verði komnar niður í 70 mkr og haldið verði áfram að greiða þær jafn og þétt niður næstu 5 árin.

### **Orðuveitingar**

Íslandsmeistarar 18 ára og eldri í karlaflokki.  
Fannar már jóhannsson  
Aðalsteinn leifsson  
Aron Elís

Holukeppnismeistarinn 2016 er Jason Wright.

Háttvísibíkarinn hlaut Lárus Ingi Antonsson.

Kylfingur ársins 2016 er Tumi Hrafn Kuld.

### **Önnur mál**

Gerð er athugasemd við hækkun árgjalda hjá öldungum og list yfir óánægju með að sú hækkun sem umtalsvert meiri en hjá venjulegum kylfingum. Spurt er hvort hjónaafsláttur muni ná til öldunga. Stjórn mun taka það fyrir á næsta stjórnarfundum.

Formaður ÍBA Geir kristinn Aðalsteinsson færir fundinum kveðju stjórnar ÍBA. Hrósar stjórn og framkvæmdastjóra fyrir gott starf.

Sigurður formaður ungmennaf. Ak. bendir á mikilvægi þess að halda hér á svæðinu stórmót líkt og Íslandsmótið í golf, það sé virkilega mikilvægt til uppbyggingar á íþróttinni að fá bestu kylfinga landsins í heimsókn til okkar.. Skiptir miklu máli fyrir börn og unglunga í GA að fá að fylgjast með og keppa við þá allra bestu.

Gísli Bragi Hjartarson segist ekki muna eftir aðalfundi þar sem hann hefur getað farið jafn bjartsýnn útaf. Umtal um völlinn hefur breyst á stuttum tíma og fólk almennt ánægt. Nú sé virkilega gaman að vera félagi í GA.

Fundi slitið kl. 21:35

Ingi Torfi Sverrisson